



Frá vinnuheimili til endurhæfingar

● SÍBS keypti land í Mosfellssveit ● Tré- og járnsmíðar, saumaskapur og bólstrun ● Framleiðsla og sala á LEGO-kubbum og plaströrum ● Sjúkrapjálfun, iðjuþjálfun og þverfagleg endurhæfing

TÍMAMÓT

Ólafur Pálsson
olafur@mbl.is



Reykjalundur er 80 ára í ár en sögu hans má rekja allt aftur til berklaveikinnar. Þó að berklar hafi vafalítið fylgt mannkyninu lengi voru þeir fyrst greindir seint á 19. öld og voru orðnir útbreiddir hér á landi um aldamótin 1900. Á fyrstu fjórum áratugum 20. aldarinnar mátti ljúka berklaveikinni við faraldur.

Íslensk heilbrigðisvörðla voru þess ekki megnug að bregðast við vandanum og því var að frumkvæði Oddfellowreglunnar Heilsuhælisfélagið stofnað en tilgangur þess var að koma upp nýttísku heilsuhæli fyrir berklaveika.

Heilsuhælið á Vífilsstöðum var byggt og tók til starfa árið 1910 en á árunum 1911-1920 færðist berklaveikin í aukana og berkladauðinn hélst mjög hár næsta áratug á eftir.

Árið 1919 setti Hjúkrunarfélagið Líkn upp berklavarnarstöð í Reykjavík og Kvenfélagið Hringurinn kom á fót hressingarhæli ætluðu berklaveikum í Kópavogi. Berklahælið í Kristnesi í Eyjafirði tók til starfa árið 1927 og Reykjahæli í Ölfusi árið 1931. Á hælunum var ætlað að vera með vinnustofur til að endurhæfa sjúklingana til þátttöku á vinnu- markaðnum eftir sjúkrahúsdvölinu en eftirspurnin eftir spítalavist var svo mikil að húsakynni og mannaflí fór alfarið í bráðalækningar og minna varð úr starfsendurhæfingu.

SÍBS verður til

Berklasjúklingar bundust samtökum og stofnuðu Samband íslenskra berklasjúklinga, SÍBS, en eitt helsta baráttumál SÍBS frá upphafi var að koma á endurhæfingu fyrir útskrifaða berklasjúklinga. Á vegum SÍBS var ráðist í blaðaútgáfu sem enn er haldið úti og haldnar fjársafnanir um allt land sem og merkjasala, skyndihappdrætti og skemmtanir.

SÍBS keypti vorið 1944 land undir vinnuheimili að Reykjum í Mosfellssveit. Samningar náðust um kaup á bröggum sem ameríski



Morgunblaðið/Eggert

Vinnuheimili Við vígslu vinnuheimilisins 1. febrúar árið 1945 fékk það nafnið Reykjalundur. Aðalhúsið var þó ekki tekið í notkun fyrr en árið 1949.

herinn var nýbúinn að byggja sem hersjúkrahús sem starfaði aðeins í eitt ár. Braggarnir voru notaðir fyrir verkamenn og síðar skjólstaðinga. Sett var upp eldhús, matsalur, samkomu- og biósalur og ýmislegt fleira.

Á fyrsta uppdraetti af svæðinu var gert ráð fyrir 25 litlum íbúðarhúsum með gördum í kring, fjórum vinnuskálum og einu stóru húsi með íbúðum og húsnæði til sameiginlegra afnota. Þetta þótti of mikið í fyrsta áfanga og því var byrjað á byggingu tíu smáhýsa.

Yfirlæknir og framkvæmdastjóri Vinnuheimilisins var ráðinn Oddur Ólafsson og Valgerður Helgadóttir var ráðin yfirhjúkrunarkona. Á fyrstu áratugunum voru þau að sönnu húsbændur nýja heimilisins og ræktu þau störf með miklum sóma eins og Snjáfríður Jónsdóttir matráðskona, sem stýrði mötuneytinu af röggsemi í tuttugu ár.

Við vígslu vinnuheimilisins 1. febrúar árið 1945 fékk það nafnið

REYKJALUNDUR

Vísindadagur haldinn í dag

Vísindastarf er í hávegum haft á Reykjalundi þar sem er rannsóknarstjóri og virk vísindastefna í gildi. Vísindasjóður var stofnaður árið 2004, sem hefur styrkt starfsfólki Reykjalundar til rannsókna eða framhaldsnáms. Dr. Marta Guðjónsdóttir hefur frá upphafi verið í forsvari fyrir þennan málaflokk.

Í dag, 13. nóvember, fer einmitt fram 22. vísindadagur Reykjalundar þar sem kynntar verða vísindagreinir og rannsóknir sem tengjast endurhæfingu á Reykjalundi. Dagskráin hefst kl. 12:30 á Reykjalundi.

Reykjalundur en það var sóknarpresturinn á Mosfelli, sr. Hálfðan Helgason, sem átti tillöguna. Hálfðan vígði síðan sjálfur nýja heimilið.

Órjúfanlegur hlekkur

Í 80 ára sögu Reykjalundar hefur verið rekið þróttmikið endurhæfingarstarf byggt á sögulegum undirstöðum og öflugum og vel menntuðu starfsfólki. Í dag er Reykjalundur ein mikilvægasta endurhæfingarstofnun landsins og órjúfanlegur hlekkur í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Árlega njóta þar á annað þúsund manns endurhæfingar.

Á fyrstu árum Reykjalundar var þar rekið trésmíðaverkstæði þar sem framleidd voru m.a. leikföng, járnsmíðaverkstæði þar sem einnig voru framleidd leikföng sem og bakpokagrindur og barna- og sjúkrarúm. Á saumaverkstæði Reykjalundar voru saumaðir kjólar, vinnusloppar, gluggatjöld og teppi og þá var þar einnig unnið við þrjón. Bólstrunarverkstæði var á staðnum og m.a.s. netahnýting. Reksturinn gekk vel, nokkur hagnaður varð og veikindadagar voru ekki fleiri þar en á vinnustöðum þar sem fullfrískt fólk var við störf. Fljótlega var hafin hæsnarækt til heimilisnota og gróðurhús sett upp fyrir heimilið. Frá upphafi var lögð áhersla á uppgræðslu og skógrækt á svæðinu.

Happdrættið mikilvæga

Helsti tekjustofn SÍBS til að byggja og reka Reykjalund var í upphafi merkjasala, happdrætti og skemmtanahald ásamt framlögum frá almenningi en eftir mikla baráttu tókst að stofna Vöruhappdrætti SÍBS, sem síðar varð Happdrætti SÍBS og tók til starfa árið 1950.

Framan af var ekki kostur á framlögum frá ríkinu en með vaxandi heilbrigðisþjónustu á Reykjalundi komu til framlög fyrir sérfræðipættinum. Margs konar form var á samningum en þeir komust í fastara form með þjónustusamningi um síðustu aldamót. Samningi sem hefur verið endurnýjaður alla tíð síðan.

Iðnskóli var starfræktur á Reykjalundi frá árinu 1949 fram til ársins 1965 í samstarfi við Iðnskólann í Reykjavík. Margir skjólstaðingar komu til starfa án mikillar skólagöngu og það var mikils virði fyrir þá að geta snúið aftur út í samfélagið með fullgilda iðnmenntun upp á vasann.

Aðalhúsið, sem enn er ásýnd Reykjalundar, var tekið í notkun árið 1949 en með því stórbatnaði öll aðstæða. Samhliða því var fyrsta starfsmannahúsið byggt og fleiri byggingar fylgdu í kjölfarið. Byggingum var raunar bætt við nánast óslitið fram til ársins 2002 þegar glæsileg þróttmannvirki voru tek-

in í notkun. Saga uppbyggingarinnar er vitnisburður um stórhug og hjart-sýni forráðamanna því sjaldan var fjármögnun tryggð þegar bygging hófst þótt alltaf tækist að ljúka við byggingu og greiða skuldir.

LEGO á Íslandi

Árið 1953 voru tvö fyrirtæki keypt, Plastik hf. og Plastvörur hf., og í framhaldinu keypt ný vél. Kaupin á fyrirtækjunum lögðu grunn að mjög farsælli þróun og framleiðslu á fjölbreyttum varningi úr plasti í plastiöju á Reykjalundi.

Framleidd voru bæði leikföng og búsaðöld úr plasti sem og margt fleira. Þakka má tengslum Árna Einarssonar forstjóra Reykjalundar við forstjóra LEGO að Reykjalundur fékk leyfi frá LEGO til að framleiða og selja LEGO-kubba eftir einkaleyfi LEGO í Danmörku – eina fyrirtækið í heiminum. Framan af voru kubbarnir steyptr á Reykjalundi, framleiðslan gekk vel og kubbarnir runnu út eins og heitar lummur.

LEGO-kubbar sem framleiddir voru á Reykjalundi eru meðal allra sjaldgæfustu LEGO-kubba sem til eru en samkvæmt heimildum Morgunblaðsins seldist lítill LEGO-kubbapakki með 10 LEGO-kubbum frá Íslandi til Svíþjóðar á einhverja tugi þúsunda króna fyrir nokkrum árum. Upphaflega var kubbumum pakkað og þeir seldir undir merkjum S.Í.B.S.-kubba en til 1960 var íslenskum framleiðendum meinað að nota upprunalegar erlendar pakkningar fyrir íslenska framleiðslu. Frá 1960 voru LEGO-kubbar hins vegar framleiddir á Reykjalundi undir merkjum LEGO.

600-700 km plaströra

Síðar var hafin framleiðsla á vatnsrörum úr plasti sem var algjört nýmæli á heimsvísu. Fyrst voru framleidd hálfptommu til tveggja tommu rör og síðar rör allt upp í 400 millimetra en framleiðslan var seld til vatnsveitna um land allt. Rörin urðu uppistaðan í framleiðslu Reykjalundar meðan plastiðjan starfaði þar. Þegar best lét var framleitt úr 700-750 tonnum af hráefni í 600-700 km af rörum. Næstum allar stærri vatnsveitur á landinu notuðu Reykjalundarrör og þess má geta að þau voru notuð við kælingu hraunsins í Vestmannaeyjum ásamt sérfræðipækkingu frá Reykjalundi. Seint á áttunda áratugnum bættist við filmuframleiðsla með fullkomnum vélum og í framhaldi af því var farið að framleiða umbúðir utan um mjólkurvörur s.s. skyr- og jóгурtdósir. Lengi framleiddi Reykjalundur stærstan hluta af málningardósum sem notaðar voru í landinu.



Morgunblaðið, 13.11.2025, síðu 34.
grein stærð: 590.86 sm²
grein hæð: 22.78 sm

Fyrsta fiskeldisævintýrið þurfti á rörum að halda, sem varð þungur baggi fyrir Reykjalund. Mörg eldisfyrirtækjanna lentu í erfiðleikum og ekki fékkst greiðsla fyrir rörin.

Samkeppni fór þá vaxandi í plastfilmu- og umbúðaframleiðslu, einkum frá erlendum framleiðendum, og á skömmum tíma varð rekstur plastiðjunnar baggi í stað þess að hafa borið uppi fjárhag Reykjalundar í áratugi. Ákveðið var að hætta þeirri starfsemi og selja reksturinn og vélarnar árið 2004.

Ný vinnubrögð

Fram yfir 1960 var endurhæfingu fyrst og fremst ætlað að búa skjólstaðinga undir að fara út á vinnumarkað. Um það leyti sem ungur læknir, Haukur Þórðarson, kom til starfa eftir endurhæfingarnám og störf í Bandaríkjunum var farið að taka við öryrkjum sem ekki voru berklaveikir. Ný vinnubrögð voru tekin upp og á stofn sett þjálfunarmiðstöð undir stjórn Hauks. Sjúkraþjálfun hófst formlega árið 1963 og iðjuþjálfun um áratug síðar.

Árið 1966 var gerður samningur um aðstöðu héraðslæknis á Reykjalundi og Friðrik Sveinsson tók við stöðunni. Fljótlega komst þar á heilsugæslustöð með mjög góðri þjónustu og samstarf lækna og heilbrigðisstarfsfólks á Reykjalundi og heilsugæslustöðinni var með ágætum. Læknar á Reykjalundi gengu vaktir á móti heilsugæslulæknum ef á þurfti að halda og heilsugæslan hafði aðgang að legurýmum á Reykjalundi ef upp kom bráðavandi. Þetta fyrirkomulag lagðist síðar af og heilsugæslan var flutt í miðbæ Mosfellsbæjar árið 1998.

Leikskólinn Birkibær, fyrir börn



Ljósmynd/Jóhannes Long

LEGO-Kubbar sem framleiddir voru á Reykjalundi eru meðal allra sjaldgæfustu LEGO-kubba sem til eru.

starfsmanna, var starfandi á Reykjalundi á árunum 1976-2004. Það starf gekk vel og skipti miklu máli fyrir starfseminna á þeim tíma.

Kári Sigurbergsson gígatrlæknir

réó sig til Reykjalundar og gígatrsvið var sett á stofn árið 1979. Félagsráðgjöf var tekin upp árið 1976 og fyrsti talmeinafræðingurinn var ráðinn til starfa árið 1979. Þarna var berklaveikin að heita mátti úr sögunni þótt fyrrverandi berklasjúklingar ættu ávallt skjól á Reykjalundi til endurhæfingar. Nú snerust störfin fyrst og fremst um almenna endurhæfingu. Fleira var að gerast um þetta leyti.

Magnús B. Einarson, sem hafði kynnt sér endurhæfingu hjartasjúklinga í Noregi, kom til starfa á Reykjalundi og heilsuþjálfun, sem var nýmæli í endurhæfingu, hófst undir hans stjórn árið 1979. Samhliða var unnið að því að koma á markvissri endurhæfingu hjartasjúklinga á Reykjalundi sem hófst árið 1982 og um svipað leyti hófst þar endurhæfing lungnasjúklinga undir stjórn Björns Magnússonar lungnalæknis sem var nýkominn úr sérnámi í Bandaríkjunum. Í

framhaldi af þessu breytta hlutverki var ákveðið að SÍBS tæki upp nýtt nafn: Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga en skammstöfunin var eftir sem áður SÍBS.

Með komu Magnúsar Ólasonar endurhæfingarlæknis hófst þverfagleg verkjameðferð árið 1985 og á fót var settur verkjaskóli á Reykjalundi. Þarna var komin fjölþætt og sérhæfð endurhæfing og mynduð voru svið um hvert þeirra. Gígatrsvið, hjartasvið, lungnasvið, verkjasvið og 1989 bættist við geðsvið undir stjórn Péturs Haukssonar geðlæknis. Atvinnuleg endurhæfing, síðar starfsendurhæfing, hófst árið 2000 og sama ár var fyrsti sálfræðingurinn ráðinn. Offitumeðferð hófst formlega árið 2001 en starfsendurhæfingin var lögð af árið 2022.

Þegar lítið er yfir 80 ára sögu Reykjalundar standa býsna mörg nöfn upp úr en forstjórar hafa þó einungis verið fimm; Oddur

Ólafsson, Árni Einarsson, Björn Ástmundsson, Birgir Gunnarsson og Pétur Magnússon. Álíka festa hefur verið í öðrum stjórnunarstörfum. Fyrstu 54 árin gegndu aðeins tveir menn stöðu yfirlæknis á Reykjalundi; Oddur Ólafsson og Haukur Þórðarson. Á sama tíma gegndu aðeins þrjár konur stöðu yfirhjúkrunarkonu; Valgerður Helgadóttir, Dagbjört Þórðardóttir og Gréta Aðalsteinsdóttir. Þessi stöðuheiti eru nú framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar en Lára M. Sigurðardóttir, sem tók við starfi framkvæmdastjóra hjúkrunar af Grétu, gegndi því starfi í 22 ár eða lengur en nokkur önnur.

Dýrmætar gjafir

Verðmætt safn listaverka hefur byggst upp á Reykjalundi í gegnum árin. Hljúg skjólstaðinga í formi gjafa ber þar hæst en einnig hafa listaverk verið keypt, oft í tengslum við ákveðna áfanga bæði í byggingum og í starfi Reykjalundar.

Kvikmyndin „Sigur lífsins“ sem fjallaði um starf SÍBS og á Reykjalundi var frumsýnd árið 1957 og fór víða um landið og erlendis. Sjónvarpsmyndin „Sigur lífsins“ um Reykjalund var þá gerð árið 2006. Strax í upphafi var stofnað félag vistmanna sem fékk nafnið Sjálfsvörn á Reykjalundi. Í fyrstu stjórn Vinnuheimilisins áttu vistmenn sæti sem fullgildir stjórnarmenn og þannig var það áfram. Þetta hefur haldist að mestu fram á þennan dag að starfsmenn hafa ætíð haft aðkomu að stjórn fyrirtækisins og ákvörðunum sem teknar eru. Starfsmannaráð var stofnað árið 1974 og starfsmannafélag árið 1986. Sérstök stjórn Reykjalundar var frá upphafi fram til ársins 2008 að stjórn SÍBS tók að sér stjórn undirstofnana sambandsins og þar með Reykjalundar.

Óhagnaðardrifið hlutafélag

Þannig var stjórnin þar til fyrirtækið „Reykjalundur endurhæfing ehf.“ var stofnað um rekstur Reykjalundar árið 2020. Um er að ræða óhagnaðardrifið hlutafélag að öllu leyti í eigu SÍBS sem lýtur sjálfstæðri stjórn. Annað félag í eigu SÍBS „SÍBS Eignaumsjón ehf.“ annast fasteignamálefni á Reykjalundi og á landareigninni allri.

● **Áframhaldandi umfjöllun um Reykjalund í 80 ár verður í föstudags- og laugardagsblaði Morgunblaðsins.**